

Þegar frestir skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru liðnir, án greiðslu geymslu-fjárins til aðila, rennur það til ríkissjóðs.

6. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um geymslufé og meðferð geymslureikninga.

7. gr.

Sérreglur um geymslufé í öðrum lögum skulu halda gildi sínu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 5. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49 1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. í ríkisskuldabréfum.
2. í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 5. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.